

Arna Jakobína Björnsdóttir formaður
Starfsmannafélag Akureyrar
Ráðhústorgi 3
600 Akureyri

22. mars 2004

Starfsmannafélag Akureyrar (STAK) óskaði álits réttindanefndar á rétti lækna ritara til starfs sem auglýst var laust á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA).

Í bréfi, dags. 4. mars 2004 sem lagt var fram um málið kemur fram að AD löggiltur lækna ritari hafi verið búin að segja starfi sínu lausu á deild A frá og með 1. apríl nk. Hafi hún sótt munnlega um starfið á deild B sem laust var frá og með 1. mars. Kemur fram í bréfinu að forstöðulækna ritari hafi staðfest að AD hafi leitað eftir starfinu tímabundið eða fram í júlí en ekki lagt fram skriflega umsókn.

Í lækna ritara stöðuna á deild B var ráðinn ritari frá og með 1. mars sl. sem ekki er löggiltur lækna ritari. Telur AD að brotið hafi verið á rétti löggiltra lækna ritara til starfa og að yfirmanni hafi borið að benda henni á að sækja skriflega um stöðuna. Þá hafi hún ekki verið kölluð til viðtals eftir að umsóknarfresti lauk og því ekki getað rætt þann tíma sem hún hefði tök á að gegna starfinu.

Sjónarmið starfsmannastjóra FSA koma fram í bréfinu en þau eru að auglýst hafi verið eftir lækna ritara til framtíðarstarfa á slysadeild og að engin skrifleg umsókn hafi legið fyrir frá AD.

Réttindanefnd tók erindið fyrir á fundi sínum þann 5. mars sl.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í erindinu til nefndarinnar þá var um að ræða laust starf á slysadeild frá og með 1. mars 2004. Samkvæmt reglum um auglýsingu á lausum störfum nr. 464/1996 með síðari breytingum þá skal auglýsa lausar stöður.

Í auglýsingu um laust starf skulu að minnsta kosti vera upplýsingar um eftirfarandi:

1. Hver veitir nánari upplýsingar um starf.
2. Hvert á umsókn að berast.
3. Hvort hún eigi að vera á sérstökum eyðublöðum og ef svo er hvar sé hægt að fá þau.
4. Umsóknarfrestur.
5. Hvaða starf/starfssvið er um að ræða. Þar komi fram lýsing sem sé nægjanlega greinargóð til þess að væntanlegur umsækjandi geti gert sér glögga grein fyrir því í hverju starfið felst.

6. Starfshlutfall.
7. Hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur gerðar eru til starfsmanns.
8. Hvaða starfskjör eru í boði.
9. Stjórnunarleg staða starfsins innan stofnunar/ríkisfyrirtækis.
10. Hvenær starfsmaður skuli hefja störf.
11. Að öllum umsóknum verði svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Með hliðsjón af málavöxtum hefði verið heppilegt að AD hefði verið hvött til að senda inn skriflega umsókn og skal í því samhengi einnig vera bent á að á atvinnurekanda hvílir leiðbeiningarskylda samkvæmt stjórnarsýslulögum. Á hitt er þó að líta að í auglýsingunni var skýr ábending um að umsóknin skyldi vera skrifleg og hvernig með hana skyldi farið og er það í samræmi við reglur um auglýsingu á lausum störfum. Þá var fyrirfram ljóst að AD uppfyllti ekki auglýst skilyrði starfsins og kann það að hafa valdið því að hún var ekki hvött til þess að sækja um það skriflega. Með hliðsjón af framangreindu telur réttindanefnd ekki rök fyrir því að fullyrða að á AD hafi verið brotið hvað þennan þátt málsins snertir.

Í erindinu er jafnframt óskað eftir áliti nefndarinnar með tilliti til áhrifa löggildingar við aðstæður sem þessar. Væntanlega er verið með þessu að óska álits nefndarinnar á því hvort lögverndun starfsheitisins nái bæði til starfsins og starfsheitisins.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta segir:

Óheimilt er að ráða til þeirra starfa, sem undir þessi lög heyra, aðra en þá sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Þá hefur ráðherra sett reglugerð nr. 161/1987 um menntun, réttindi og skyldur lækna- og heilbrigðisráðherra. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir:

Rétt til þess að kalla sig lækna- og heilbrigðisráðherra.

Þá er öðrum en þeim sem hafa leyfi samkvæmt reglugerðinni óheimilt að kalla sig lækna- og heilbrigðisráðherra, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Af framangreindu verður ráðið að starfsheitið lækna- og heilbrigðisráðherra nýtur verndar. Þá er óheimilt að ráða til þeirra starfa aðra en þá sem eru lækna- og heilbrigðisráðherra. Lögverndunin nær því bæði til starfsins og starfsheitisins.

Í þessu tilfalli er hins vegar enginn lækningaritari meðal umsækjanda um starfið. Réttindanefnd vill benda á lög nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og bendir sérstaklega á eftirfarandi ákvæði 10. gr. þar sem segir:

Óheimilt er að ráða eða skipa aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995, um grunnskóla. Nú sækir enginn grunnskólakennari samkvæmt lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir útrekaðar auglýsingar og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa. Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til menntamálaráðherra. Málskot til menntamálaráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar. Ef hvorki skólastjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu grunnskólakennara í kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann. Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 4. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Réttindanefnd sendi fyrirspurn til FSA varðandi framkvæmdina á ráðningum við aðstæður sem þessar. Í svari starfsmannastjóra FSA kemur fram að um langt árabíl hafi verið hörgull á faglærðum lækningariturum til starfa og væru því ráðnir „ritarar lækna“ til starfa eins og það er nefnt í kjarasamningi. Hin síðari ár hafi framkvæmdin við þessar aðstæður verið sú að ráða viðkomandi starfsmann í eitt ár í senn, með það í huga að geta auglýst aftur eftir faglærðum lækningariturum í stöðurnar.

Mælir réttindanefnd með því að félag lækningaritara mælist til þess við heilbrigðismálaráðuneytið að settar verði skýrar reglur þegar sú staða kemur upp að ekki fæst starfsmaður með tilskilin réttindi.

F.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.